



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum

Reykjavík, 8. september 2025

SFS25090096

TILLAGA

Tillaga áheyrnarfulltrúa kennara í grunnskólum um kynningu á íslenskudeildum

Áheyrnarfulltrúi grunnskólakennara leggur til að skóla- og frístundaráð fái kynningu á starfi íslenskudeildanna í grunnskólum borgarinnar. Deildirnar eru fjórar og þangað sækja nám nemendur sem nýfluttir eru til landsins. Deildirnar eru staðsettar í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Vogaskóla og Ingunnarskóla. Það væri mjög gagnlegt að ráðið fengi upplýsingar um hvernig tekið er á móti börnum sem flytja til landsins og hvernig íslenskukennslu fyrir þau er háttað þegar þau taka fyrstu skrefin í skólakerfinu hérlandis.



Reykjavík